



**Skoðunarferð til Þingvalla og
475.fundur Þingvallanefndar.
Mánudagur 14.september 2020
Kl.16:30 Þingvöllum**

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Karl Gauti Hjaltason og Páll Magnússon. Hanna Katrín Friðriksson boðar forföll.

Gestur: Hildur Hafsteinsdóttir, fjármálastjóri.

Formaður setur fund og kynnir dagskrá.

Dagskrá

1. Fjárhagsleg staða þjóðgarðsins
Gestur: Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri.

Þjóðgarðsvörður og fjármálastjóri greinir frá stöðu fjármála og samskiptum við umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Ekki hafa verið skýr svör við erindum er send voru. Umhverfis og auðlindaráðuneytið hefur vísað á nefnd um kostnaðarauka og tekjufall stofnana sem skilar af sér svörum í október.

Tekjugrunnur og krónutala í fjárlögum hefur verið svipaður í 10 ár. Viðbrögð hafa verið að draga saman í öllum kostnaðarliðum og uppsagnir starfsfólks í verslunum þjóðgarðsins. Óvissa mikil í rekstraráætlanagerð fyrir árið 2021 og hvaða forsendur eigi að miða við í tekjum og gjöldum.

Þingvallanefnd óskar eftir því að Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra komi á næsta fund nefndarinnar og geri grein fyrir aðgerðum af hálfu ráðuneytisins fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum.

2. Skýrsla þjóðgarðsvarðar - Yfirlit yfir starfsemi sumarsins og verkefni haustsins.
Starfsemi í þjóðgarðinum í sumar var lágstemmd í ljósi aðhalds og uppsagna. Við opnun landamæra 15. júní varð strax breyting þegar ferðamenn fóru aftur að sjást. Tekjuáhrif þeirra skiluðu sér strax. Við seinni lokun í ágúst fjaraði undan komum ferðamanna aftur. Íslendingar hafa verið duglegir að koma og njóta Þingvalla og hefur það verið sérstaklega ánægjulegt. Framkvæmdir við salernishús eru á áætlun.

Önnur mál.

Þjóðgarðsvörður greindi frá erindi Ríkiseigna er vörðuðu ábúðarskipti á Brúsastöðum. Þingvallanefnd samþykkir ábúðarskipti en felur þjóðgarðsverði að skoða skilyrði í samráði við Ríkiseignir.

Þjóðgarðsvörður greinir frá samskiptum við stjórn Landssambands hestamanna (LH) um framlengingu á samningi vegna Skógarhóla sem áningarstaðar landssambandsins sem rekin hefur verið af LH frá 1978.

Þingvallanefnd samþykkir að framlengja samning og felur þjóðgarðsverði að ganga frá samningi við LH vegna Skógarhóla.

Þjóðgarðsvörður segir frá úttekt Ríkisendurskoðunar á ársreikningi 2019.

Fundi slitið.